

Franska fábyljan

Ásdís R. Magnúsdóttir

Prófessor í frönskum fræðum, Háskóla Íslands

Franska fábyljan hefur oft verið skilgreind sem *conte à rire* eða „saga sem vekur hlátur“. Orðið er dregið af latneska orðinu *fabula* en í frönsku var orðið *fable* eða *fabliau* notað yfir dæmisögur, t.d. dæmisögur Esóps, en líka í merkingunni „skálduð frásögn“ allt frá miðri 12. öld. Sem sérstök grein innan franskra miðaldabókmennta er fábyljan stutt gamansaga sem á einmitt rætur að rekja allt til 12. aldar. Það tímabil var að mörgu leyti gullöld franskra miðaldabókmennta. Þá komu fram tveir forverar smásögunnar. Annar þeirra, *lai*, er gjarnan kallaður *strengleikur* á íslensku; þetta er stutt ljóðsaga um ástir háttsettra sögupersóna sem oftar en ekki enda illa. Hinn er fábyljan; hún er líka stutt ljóðsaga en hún lýsir lífi alþýðunnar á gamansaman og oft nokkuð grófan hátt. Þetta eru ljóðsögur vegna þess að textarnir voru samdir á bundnu máli í stuttum átta atkvæða rímuðum ljóðlínur: þannig var auðveldara að læra þá utan að og flytja eins og gert var á torgum og fleiri stöðum þar sem fólk kom saman. Einnig má hafa í huga að allar veraldlegar bókmenntir á frönsku voru skrifaðar í bundnu máli á 12. öld. Það var hið hefðbundna frásagnarform skáldskaparins.

Fábyljan er sem sagt einn af forverum smásögunnar og söguþráður hennar er einfaldur og hnitmiðaður. Stystu sögurnar eru rétt um 100 ljóðlínur, þær lengstu rúmlega 500. Sögupersónur eru fáar, oft þrjár eða fjórar. Á þessum tíma voru latneskar dæmisögur vel þekktar og fábyljan er ekki laus við móralskan boðskap – sem ristir þó ekki alltaf djúpt. Fábyljan naut enn mikilla vinsælda á 14. öld þegar Boccaccio skrifaði *Tíðægru* og hún hafði því talsverð áhrif á mótun smásögunnar. Hún tók á sig leikrænt form í försunum sem komu fram á 14. öld og rann frjálsglega, t.d. með Molière, inn í gamanleikinn sem naut mikilla vinsælda í Frakklandi á 17. öld. Í íslenskum þjóðsögum og ævintýrum má einnig finna sögur sem svipar til þessara gömlu verka.

Sú mynd sem dregin er upp af lífi alþýðunnar í fábyljunni er eitt af því sem gerir hana sérlega áhugaverða. Oft er sagt að fábyljan sé fyrsti raunsæi samtímaspegillinn: þar megi fræðast um það hvernig fólk vann, ferðaðist, borðaði (og hvað það borðaði), hvernig það þvoði þvott og þreif sig, naut ásta (í hvaða stellingum), skeindi sig, klæddi, greiddi, og hafði sig til. Þarna bregður fyrir þjóðfélagsstéttum sem eru sjaldséðar í öðrum bókmenntum þessa tíma: bændum, þjófum, vændiskonum, kaupmönnum, handverksmönnum, o.s.frv. Það var þó ekki bara alþýðan sem naut þess að heyra góða fábylju, eins og lengið var talið; fábyljan var oft hluti af stærra prógrammi farandsöngvara og sagnamanna. Hún endurspeglar einnig ákveðna sýn á konuna – sem er iðulega bæði óheiðarleg, hraðlygin og ástsjúk – en því má bæta við að dregið er dár að flestum sögupersónum verkanna, ekki síst hinum heimsku og auðblekta eiginmanni. Fábyljunni var ætlað að vera fyndin og skemmtileg. Öllum finnst gott að hlæja – enda er hollt að hlæja – og það vissu farandsöngvarar og sagnamenn þessa tíma. Ein fábylja farandsöngvarans Garans, sem var uppi á fyrri hluta 13. aldar, hefst einmitt á stuttum pistli um sálrænan lækningarmátt gamansögunnar og vinsældir:

Á okkar tímum njóta fábyljur mikilla vinsælda og þeir sem segja þessar sögur, hér og þar, hagnast vel af því, því að fábyljan færir bæði vinnandi mönnum og slæpingjum huggun og hughreystingu – svo lengi sem fólk er ekki með of mikil læti þegar hún er flutt. Jafnvel þeir sem eru kvíðnir, hræddir og fullir angistar finna til mikils léttis þegar þeir hlusta á góða fábylju; þeir gleyma sorg og sút, og hætta öllum barlómi og vesöld.

Fábyljan „Bóndinn frá Bailleul“ („Le vilain de Bailleul“) er ekki nema rétt rúmlega 100 ljóðlínur. Hún minnir talsvert á íslensku kímnisöguna „Nú skyldi ég hlæja, ef ég væri ekki dauður“ sem finna má í safni Jóns Árnasonar (*Íslenskar*

Þjóðsögur og ævintýri. 6. bindi. Ritstj. Árni Böðvarson og Bjarni Vilhjálmsson, Reykjavík: Þjóðsaga, 1854-1961, V, bls. 427-428). Höfundurinn, Jean Bodel, var farandsöngvari og skáld og nokkur verka hans hafa varðveist. Hann lifði og starfaði í norðurhluta Frakklands og mun hafa dáið úr holdsveiki árið 1209. Bailleul var lítið þorp í norðurhluta Frakklands í lok 12. aldar en er nú lítill bær. Höfundurinn hefur ef til vill valið þetta staðarnafn vegna þess að það býður upp á orðaleik: franska sögnin *bailler* þýðir að geispa – og Bailleul gæti þá verið staður þar sem er geispað. Og þar sem golunni er geispað, eins og þessi fábylja snýst reyndar um. Hér erum við stödd uppi í sveit, ekki í kastala eins og í riddarsögum, heldur í fábreyttum bóndabæ þar sem fólk borðar mjólkurgraut en ekki villisvín og dádýr, eins og aðalsmenn gerðu, en það breytir því samt ekki að konan er ekki ánægð með karlinn sinn sem stritar á akrinum og langar að breyta til. Í þessum bókmenntum er ekki óalgengt að heyra rödd sögumanns fléttast inn í frásögnina, eins og hér er raunin. Það má tengja upplestri verkanna en einnig því að sögurnar tilheyrðu iðulega sameiginlegum sagnaarfi frekar en einstökum höfundi. Síðast en ekki síst gefur það sögunni trúverðugra yfirbragð þótt allir viti að hér er skáldskapur á ferð.

Bóndinn frá Bailleul

Ef þessi fábylja skyldi nú vera sönn, þá gerðist það í alvörunni – eftir því sem mér var sagt – að bóndi nokkur bjó í Bailleul. Hann plægði hveitiakrana og ræktaði landið, og var hvorki víxlari né okurlánari. Dag einn, um hádegisbilið, fór hann heim til sín, glórhungraður. Hann var stór og mikill, ófrýnilegur, ógeðfelldur og ljótur. Konan hans hafði engan áhuga á honum vegna þess að henni fannst hann vera bæði heimskur og ófríður. Henni leist hins vegar vel á prestinn og hún hafði mælt sér mót við hann einmitt þennan dag til þess að eiga með honum góða stund. Allt var til reiðu: vínið var komið í kútinn og hún var líka búin að matreiða gamlan hana. Ég held að hún hafi breitt lítinn dúk yfir kökuna. Og þá kemur bóndinn, geispandi og gapandi, bæði af hungri og þreytu.

Hún hljóp á móti honum og flýtti sér að opna hliðið. Koma hans vakti þó enga gleði því hún hefði frekar viljað taka á móti öðrum manni! Þá sagði hún við bónda sinn, til þess að leika á hann, eins og kona sem hefði örugglega helst viljað að eiginmaðurinn væri bæði dauður og grafinn:

–Herra minn, Guð hjálpi mér! Mikið ertu fögur og fár. Þú ert ekkert nema skinnið og beinin.

–Hermína mín, svaraði hann, ég er að farast úr hungri. Ertu búin að sjóða grautinn?

–En þú ert dauðvona, sagði hún, það er augljóst, og þú getur ekki mótmælt því. Farðu strax í rúmið því þú ert bókstaflega að gefa upp öndina! Ó mig auma, mikið er mitt ólán! Það er til lítils fyrir mig að lifa þegar þú verður farinn. Herra minn góður, ég er að missa þig! Þú ert svo að segja í andarslitrunum!

–Ertu að hæðast að mér, frú Hermína? spurði bóndinn. Ég heyri nú alveg baulið í kusunni okkar og held að ég sé ekki kominn á grafarbakkann enn og gæti jafnvel tórt eitthvað lengur.

–Herra minn, svaraði hún, þetta er dauðinn, hann stígur þér til höfuðs, hann þjakar þig og gerir þér svo þungt fyrir brjósti að þú ert ekki nema skugginn af sjálfum þér: innan skamms mun hann næla klóm sínum í hjartað og þá ertu allur!

–Æ, hjálpaðu mér þá að leggjast niður, mín kæra, úr því að ég svona illa haldinn, sagði bóndinn.

Hún flýtti sér eins og hún gat, og hélt áfram að gabba hann. Í einu horninu útbjó hún bæli úr hálm og stráum og lagði segldúk ofan á. Síðan klæddi hún bónda sinn úr fötunum, lét hann leggjast niður á dúkinn, lokaði augum hans og munni, og breiddi svo yfir hann. Þar næst kastaði hún sér á hann og veinaði:

–Kæri eiginmaður, þú ert allur! Megi Guð miskunna sig yfir sálu þína! Hvað gerir nú þín vesæla eiginkona sem er við það að bugast af harmi!

Bóndinn lá undir líkklæðinu og hélt í alvörunni að hann væri dauður. Konan, sem var útsmugin og klók, fór beinustu leið að hitta prestinn og sagði honum

frá bóndanum og hvernig hún hafði leikið á hann. Þau voru bæði hin ánægðustu með þessi málalok. Þau gengu saman að húsinu og léku við hvern sinn fingur. Um leið og presturinn steig yfir þröskuldinn fór hann að þylja sálma og bóndakonan barði sér á brjóst af sorg. Frú Hermínu hafði tekist að leika á manninn sinn en hún felldi ekki eitt einasta tár. Sorgin hafði stutta viðdvöl og presturinn var líka snöggur með sálmana. Honum datt ekki í hug að biðja Guð fyrir sálu bóndans. Hann greip í höndina á frúnni og leiddi hana afsíðis. Hann losaði um fötin hennar, klæddi hana úr, og síðan komu þau sér fyrir á hálmþýnu og skemmtu sér dával bæði tvö, hann ofan á og hún undir.

Bóndinn lá undir líkklæðinu en sá mætavel hvað á gekk vegna þess að hann var með augun opin. Hann sá að hálmþýnan hreyfðist og hann sá líka svarta hettu á hreyfingu; þetta var presturinn, hann þekkti hann!

–Ææ, sagði bóndinn, harðsvíraði hórusonur, ef ég væri ekki dauður myndir þú iðrast þess að hafa gert það sem þú ert að gera núna. Ekki nokkur lifandi maður hefði fengið aðra eins barsmíð og þú, herra prestur.

–Kæri vinur, sagði presturinn, það má vel vera, en vita máttu, að það hefði verið býsna snúið fyrir mig að koma hingað meðan þú varst á lífi, en þar sem þú ert dauður, ætla ég mér heldur betur að njóta þess. Þegiðu nú og lokaðu augunum, ég harðbanna þér að opna þau aftur! Bóndinn lokaði því augunum og þagði. Presturinn hélt áfram að skemmta sér, áhyggjulaus og hinn rólegasti.

Ég get ekki fullvissað ykkur um að þau hafi jarðað bóndann næsta morgun en fábyljan segir að lokum að sá er heimskur sem trúir konu sinni betur en sjálfum sér.

